

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 24 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn fimmtudaginn 4. júlí 2019 kl. 17:00

í fundarsal Hótel Vestmannaeyja.

Mættir eru: Arnar Pétursson, Guðlaugur Friðþórsson, Agnes Einarsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Páll Þór Guðmundsson, Aníta Jóhannsdóttir og Guðbjartur Ellert Jónsson fræmkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir komu fram um boðunina. Birna Víðó Þórsdóttir boðaði forföll.

Á dagskrá fundarins voru sjö dagskrárliðir:

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Tillögur komu fram um Arnar Pétursson sem stjórnarformann, Guðlaug Friðþórsson sem varaformann og Agnesi Einarsdóttur sem ritara.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

Tillaga kom um að varamenn sitji fundi, en hafi ekki atkvæðisrétt.

Afgreiðsla: Samþykkt með öllum atkvæðum nema einu. Arndís Bára sat hjá.

2. Starfsreglur stjórnar Herjólfss ohf.

Arndís Bára og Aníta var falið að gera drög að starfsreglum stjórnar. Drög skulu liggja fyrir í síðasta lagi í sept. 2019.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

3. Starfskjarastefna Herjólfss ohf.

Það var upplýst að á fundi nr. 21 (aðalfundi) hafi verið lögð fram drög að starfskjarastefnu félagsins. Stjórn fer yfir með Guðbjarti og eigendum félagsins og gerir tillögur um breytingar. Áætlað er að starfskjarastefnan taki gildi þann 1. janúar 2020 eins og áður var samþykkt.

4. Starfsmannastefna Herjólfss ohf.

Arnar leggur til að Guðbjarti verði falið að vinna að drögum að gerð starfsmannastefnu félagsins. Drögin verði kynnt stjórn ekki síðar en í nóvember 2019.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

5. Fundur með Vegagerðinni – Framkvæmdir í Landeyjahöfn.

Arnar, Guðlaugur og Guðbjartur upplýstu stjórn um fund sem þeir sátu ásamt Ívari Torfasyni skipstjóra og Sveini Valgeirssyni með Vegagerðinni miðvikud. 3. júlí 2019. Þar var farið yfir framkvæmdir við Landeyjahöfn.

6. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri, Guðbjartur E. Jónsson, fór munnlega yfir stöðu mála frá því að nýja skipið kom heim og hvað þyrfti til áður en það kæmist í reglubundnar siglingar í Landeyjahöfn. Hann fór einnig yfir og upplýsti stjórn um stöðu rekstrar og komandi verkefni.

Framkvæmdastjóra er þökkun góð og ítarleg yfirferð.

7. Önnur mál

Mikil ánægja er með hvernig til tókst með móttöku nýja Herjólfss. Stjórnin vill koma fram þakklæti til skipuleggjenda, starfsmanna og gesta.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19:20.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir, ritari stjórnar.